



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR
MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Efnasamsetning þingvallavatns.
Gögn frá árinu 2021

Eydís Salome Eiríksdóttir

HAFNARFJÖRÐUR - JÚNÍ 2022

Efnasamsetning þingvallavatns. Gögn frá árinu 2021

Eydís Salome Eiríksdóttir

*Skyrslan er unnin fyrir þjóðgarðinn á þingvöllum og samstarfsaðila um vöktun
þingvallavatns, og Umhverfisstofnun*



Upplýsingablað

Titill: Efnasamsetning Þingvallavatns. Gögn frá árinu 2021		
Höfundur: Eydís Salome Eiríksdóttir		
Skýrsla nr: HV 2022-19	Verkefnisstjóri: Eydís Salome Eiríksdóttir	Verknúmer: 9204
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 30	Útgáfudagur: 10. júní 2022
Unnið fyrir: Þjóðgarðinn á Þingvöllum og samstarfsaðila um vöktun Þingvallavatns, og Umhverfisstofnun	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: Rakel Guðmundsdóttir
Ágrip Vöktun á efnasamsetningu Þingvallavatns hefur staðið frá árinu 2007. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum mælinga og efnagreininga á sýnum sem tekin voru í útfalli Þingvallavatns við Steingrímsstöð 2019–2021. Þær niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrra rannsóknartímabils, 2007–2018, í sýnum úr útfalli Þingvallavatns og lindunum Vellankötlu og Silfru. Niðurstöðurnar voru notaðar til að meta vatnsgæði í Þingvallavatni m.v. reglugerð 796/1999 og lög um stjórн vatnamála (nr. 36/2011). Abstract <i>The outlet of Lake Þingvallavatn has been monitored since 2007 until today. This report presents the results of measurements and chemical analyzes of samples collected at the outlet of Þingvallavatn at Steingrímsstöð 2019–2021. These results are compared with the results of the previous research period, 2007–2018, in samples from the outlet of the lake and the springs Vellankatla and Silfra. The results are used to classify the lake according to criteria set forward in the Icelandic regulation no. 796/1999 and the water management act no. 36/2011.</i>		

Lykilorð: Efnavöktun, aðalefni, snefilefni, næringarefni, efnabúskapur, vatnsgæði, ástand stöðuvatna. Water monitoring, major elements, trace elements, nutrients, lake chemistry, lake water quality.

Undirskrift verkefnisstjóra:

Eyður Salome Þórssdóttir

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Gudni Gudbergsson

Efnisyfirlit

Bls.

1 Inngangur	3
2 Eiginleikar vatnasviðsins.....	4
3 Framkvæmd vöktunar	6
3.1 Sýnataka	6
3.2 Meðhöndlun sýna og efnamælingar.....	7
4 Niðurstöður og umræður	8
4.1 Gæði niðurstaðna	8
4.2 Styrkur aðalefna	8
4.3 Styrkur næringarefna.....	9
4.4 Styrkur snefilefna.....	10
4.5 Samanburður við eldri gögn	11
4.6 Vatnsgæði í Þingvallavatni	12
5 Lokaorð	13
Þakkir	14
Heimildir	15
Viðauki	16

Myndaskrá

Mynd 1. Vatnasvið og staðsetningar sýnatökustaða í og við Þingvallavatn.....	5
Mynd 2. Sýnatökustaður í útfalli Þingvallavatns.....	17
Mynd 3. Styrkur aðalefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021	20
Mynd 4. Styrkur næringarefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021.....	21
Mynd 5. Styrkur snefilefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021.....	22
Mynd 6. Styrkur snefilefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021.....	23
Mynd 7. Niðurstöður mælinga í útfalli Þingvallavatns og í lindunum Silfru og Vellankötlu: pH, leiðni, aðalefni.....	24
Mynd 8. Niðurstöður mælinga í útfalli Þingvallavatns og í lindunum Silfru og Vellankötlu: snefilefni	25

Töfluskrá

Tafla 1. Meðalefnasamsetning í útfalli Þingvallavatns (2007–2021 og fyrir árið 2021) og í lindunum Silfru og Vellankötlu 2007-2020.....	18
Tafla 2. Efna samsetning vatnssýna úr útfalli Þingvallavatns og lindunum Silfru og Vellankötlu 2019–2021:	19
Tafla 3. Efri umhverfismörk málma og næringarefna í hverjum umhverfisflokkí	26
Tafla 4. Vatnsgæði í Þingvallavatni árið 2021	26
Tafla 5. Ástand vaktaðra straumvatna á Suðurlandi m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðapáttar ...	27
Tafla 6. Næmi efnagreiningaraðferða og hlutfallsleg skekkja mælinga.	28

1 Inngangur

Vorið 2007 gerðu Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum með sér samkomulag og samstarfssamning um vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Vöktuninni var skipt í þrjá megin verkþætti og sáu Náttúrufræðistofa Kópavogs og Jarðvísindastofnun um vöktunarþætti í samræmi við samninga. Verkþættir og framkvæmdaraðilar voru eftirfarandi: 1. Efna- og eðlisþættir í írennsli og útfalli, Jarðvísindastofnun Háskólans, 2. Lífríkis-, efna- og eðlisþættir í vatnsbol, Náttúrufræðistofa Kópavogs og 3. Fiskistofnar, Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknastofnun).

Árið 2019 dró Umhverfisstofnun sig úr samstarfinu þegar vöktun samkvæmt stjórn vatnamála hófst í Þingvallavatni. Við það byrjaði nýr kafli í vöktuninni. Umhverfisstofnun gerði sérstaka samninga við Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofu Kópavogs um vöktun á eðlisefnafræðilegum gæðapáttum og forgangsefnum í vatninu (Eydís Salome Eiríksdóttir 2020; 2021). Á sama tíma gerðu Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur (hér eftir kallaðir samstarfsaðilar) með sér samstarfssamning um frekari vöktun á efnaþáttum, öðrum en þeim sem Umhverfisstofnun stóð fyrir, og lífríki í Þingvallavatni. Í kjölfarið gerðu samstarfsaðilar samning við Hafrannsóknastofnun og Náttúrustofu Kópavogs um framkvæmd vöktunar. Framkvæmd efnavöktunaránnar var áður á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans og voru gefnar út árlegar skýrslur um niðurstöðurnar (t.d. Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019) og var hluti þeirra birtur í grein í Náttúrufræðingnum árið 2020 (Eydís Salome Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2020).

Í þessari skýrslu eru dregnar saman niðurstöður efnagreininga á sýnum sem tekin voru í útfalli Þingvallavatns af stíflu við inntak Steingrímsstöðvar, og í lindunum Silfru og Vellankötlu árin 2019 til 2021 (mynd 1). Safnað hefur verið saman öllum efnagögnum (utan forgangsefna), hvort sem þeim var aflað fyrir Umhverfisstofnun eða samstarfsaðila um vöktun Þingvallavatns. Það er gert til að samantektin sé sem heildstæðust. Sýnatökustaðir eru þeir sömu og á fyrra rannsóknatímabili (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019; Eydís Salome Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2020). Niðurstöðurnar eru birtar í töflum og myndum og fjallað eru um þær í texta og þær m.a. bornar saman við eldri niðurstöður.


2 Eiginleikar vatnasviðsins

Þingvallavatn liggur í sigdalnum á Þingvöllum, þar sem hann sker grunnvatnsborðið. Vatnið er 84 km² að flatarmáli og er meðaldýpi um 34 m, en mesta dýpi allt að 100 m (Árni Snorrason, 2002). Heildarrúmmál vatnsins er 3 km³ og meðalrennslí úr vatninu er um 100 m³/s. Dvalartími vatnsins í Þingvallavatni er því um 1 ár.

Meðalrennslí grunnvatns til vatnsins er um 90 m³/s en 5 m³/s af yfirborðsvatni renna í vatnið (Öxará, Villingavatnsá og Ölfusvatnsá). Auk þess fellur úrkoma sem nemur um 4 m³/s á vatnið (Árni Snorrason, 2002). Samkvæmt Árnýju E. Sveinbjörnsdóttur og Sigfúsi J. Johnsen (1992) er um 90% vatnsins upprunnið í lindum sem falla í norðanvert vatnið. Grunnvatnið sem kemur upp í lindunum, hefur runnið allt frá Langjökli og ber með sér uppleyst efni úr bergi og jarðvegi út í vatnið (Hákon Aðalsteinsson o.fl., 1992; Jón Ólafsson, 1992).

Hákon Aðalsteinsson og félagar (1992) telja að um 64% af innstreymi til vatnins sé úr Silfru og um 20% úr Vellankötlu og öðrum lindum í Vatnsviki. Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnason (2002) telja hins vegar að lindarvatnið skiptist í þrjá meginstrauma; Almannagjárstraumur (Silfra) 30 m³/s, Hrafntagjárstraumur (Vellankatla) um 20 m³/s og Miðfellsstraumur um 25 m³/s sem fellur í austanvert vatnið sunnan undan Miðfelli .

Auk leystra efna sem berast í vatnið með grunnvatnsstraumum eru sjávarættuð efni sem koma inn á vatnasviðið með úrkomu og önnur efni sem berast með yfirborðsvatni, sum vegna náttúrulegra ferla og önnur ekki. Óhvarfgjörn efni ferðast með vatnsmassanum að útfalli Þingvallavatns og berast til sjávar. Hvarfgjörn efni og næringarefni tefjast innan stöðuvatnsins vegna efnahvarfa og upptöku lífvera í vatninu.



VHM	Nafn	Vatnavið (km ²)	Þar af á jöklum (km ²)
30	Þjórsá	7314	960
64	Ölfusá	5662	628
128	Norðurá	513	0
271	Sogíð	1143	34
	Steingrimsstöð	949	

Mynd 1. Vatnasvið og staðsetningar sýnatökustaða í og við Þingvallavatn

3 Framkvæmd vöktunar

3.1 Sýnataka

Sýni til rannsókna á efnasamsetningu Þingvallavatns voru tekin úr útfalli vatnsins af stíflu við Steingrímsstöð ($64,13297^{\circ}\text{N}$ $21,02862^{\circ}\text{V}$) (mynd 1). Sýnum var safnað mánaðarlega í útfallinu frá apríl til desember 2019, alls níu sýni, og fjórum sinnum á ári á árunum 2020-2021, á sama tíma og sýnum var safnað úr Þjórsá, Ölfusá og Sogi (Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorláksdóttir 2022). Einu sýni var safnað úr Silfru og Vellankötlu árið 2021. Það er sambærilegt og gert hefur verið frá því að vöktun þeirra hófst.

Vatnssýnum var safnað með því að kasta fötu í bandi af stíflu Steingrímsstöðvar (Mynd 2). Söfnunin var gerð þeim megin sem opið var fyrir loka stíflunnar til að tryggja hreyfingu á vatninu við söfnun. Fatan var skoluð vandlega með vatninu og hún fyllt aftur til söfnunar vatnssýnis. Vatninu var hellt úr fötunni í brúsa sem áður hafði verið þveginn þrisvar sinnum með vatninu. Sýnum úr Silfru og Vellankötlu var dælt beint í gegnum síubúnað í söfnunarflöskur.

Mæling á pH, leiðni og súrefnisstyrk/-mettu var gerð beint í vatninu á sama tíma og söfnunin fór fram. Mæling á pH var einnig gerð á rannsóknastofu. Sýnin voru síuð á staðnum með Cellulose Acetate síum með $0,2\ \mu\text{m}$ porustærð, 142 mm í þvermál. „In-line“ síuhaldari úr teflon (Sartorius) var notaður til að sía sýnin og peristaltisk dæla var notuð til að dæla vatninu í gegnum síubúnaðinn. Áður voru flöskur hreinsaðar þrisvar sinnum með síuðu sýni. Fyrst var síðað í 300 ml og 60 ml brúnar glerflöskur fyrir mælingar á basavirkni/alkalinity og pH. Flöskurnar voru fylltar frá botni og upp til að minnka snertingu vatns við andrúmsloft. Þá var síðað í eina 1000 ml plastflösku til mælinga á brennisteinsísótópum. Að því loknu var síðað í tvær 100 ml PE plastflöskur til mælinga á næringarefnum (NO_3 , NO_2 , NH_4 , PO_4 , N-total og P-total) og anjónum (Cl , F , SO_4) og síðast var vatn síðað í 50 ml PE plastflösku til mælinga á katjónum og snefilmálmum (SiO_2 , Na , K , Ca , Mg , Al , Fe , B , Mn , Sr , As , Ba , Cd , Co , Cr , Cu , Ni , Pb , Zn , Hg , Mo , Ti , V). Í síðustu flöskuna var bætt 0,5 ml af fullsterkri hreinsaðri saltpétursýru (HNO_3). Sýni til mælinga á heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC) var ekki síðað heldur var því hellt beint úr brúsanum í 30 ml glersýnaglas og í það var bætt 0,3 ml af fullsterkri saltsýru (HCl). Þegar komið var á rannsóknastofu voru næringarefnasýni sett í frysti og TOC sýni í kæli og þau send eins fljótt og auðið var til greininga í Svíþjóð.

3.2 Meðhöndlun sýna og efnamælingar

Efnagreiningar voru gerðar á Hafrannsóknastofnun, Jarðvísindastofnun Háskólans og hjá ALS í Svíþjóð og Danmörku.

Mælingar á leiðni og pH voru gerðar á söfnunarstað samtímis sýnasöfnun. Basavirkni („alkalinity“) og pH var mælt með titrun og pH-rafskauti á Hafrannsóknastofnun að loknum söfnunarleiðangri. Endapunktur titrunar var ákvarðaður með Gran-falli (Stumm og Morgan, 1996).

Aðalefni og snefilefni voru mæld af ALS Scandinavia með ICP-AES (Inductively Coupled Plasma Atomic Emission Spectroscopy)¹, ICP-MS (Mass Spectrometry with Inductively Coupled Plasma)² og atómljómun; AF (Atomic Fluorescence)³.

Styrkur flúors, klórs og súlfats var mældur með anjónaskilju (Dionex IC2000) á Jarðvísindastofnun Háskólans. Alþjóðlegu staðlarnir BIGMOOSE-02 og MAURI 09 voru notaðir til kvörðunar á þeim greiningunum.

Styrkur næringarefna var mældur með sjálfvirkum litrófsmæli (Autoanalyser)⁴ hjá ALS í Danmörku. Heildarstyrkur TOC var einnig mældur hjá ALS í Danmörku⁵.

Sýnum hefur verið safnað til mælinga á brennisteinssamböndum á rannsóknatímabilinu en þau hafa ekki verið greind ennþá. Til stendur að mæla þau í samstarfi við Carl-Magnus Mört professor við Stokkhólmsþáskóla en það samstarf er framhald á því sem verið hefur síðan 2007.

¹ SS EN ISO 11885: 2009 and US EPA Method 200.7: 1994

² SS EN ISO 17294- 2: 2016 and US EPA Method 200.8: 1994

³ SS EN ISO 17852: 2008.

⁴ DS/EN ISO 11732:2005; DS/ISO 29441:2010; DS/EN ISO 6878:2004

⁵ DS/EN 1484:1997

4 Niðurstöður og umræður

4.1 Gæði niðurstaðna

Næmi efnagreiningaraðferða og upplýsingar um efnagreiningaraðferðir eru í töflu 6. Þar koma einnig fram greiningarmörk/næmi (limit of quantification; LOQ) fyrir hvert efni.

Hægt er að leggja mat á gæði mælinga á aðalefnum eða hvort mælingar vanti á aðalefnum eða ráðandi efnasamböndum, með því að skoða hleðslujafnvægi í lausn (tafla 2). Ef öll aðalefni og ríkjandi efnasambönd eru greind og mólstyrkur þeirra er réttur er magn neikvæðra og jákvæðra hleðslna í vatninu jafnt. Hleðslujafnvægið (katjónir – anjónir) og hlutfallsleg skekkja er reiknað með eftirfarandi jöfnum:

$$\text{Hleðslujafnvægi} = (Na + K + 2 * Ca + 2 * Mg) - (\text{Alkalinity} + Cl + 2 * SO_4 + F) \quad (\text{jafna 1})$$

$$\text{Mismunur (\%)} = \frac{\text{Hleðslujafnvægi}}{(k \text{ atjónir} + \text{anjónir})} * 100 \quad (\text{jafna 2})$$

Mólstyrkur Ca, Mg og SO₄ er margfaldaður með tveimur þar sem þær jónir eru tvígildar og vega tvöfalt á við hinum aðaljónirnar sem notaðar eru til reikninganna (equivalent).

Mismunur katjóna og anjóna í þeim sýnum sem safnað var úr Þingvallavatni 2021 var að meðaltali 2,3 %. Það er sambærilegt við það sem verið hefur gert verið grein fyrir í fyrri skýrslum Jarðvísindastofnunar (t.d. Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019). Almennt mældist styrkur katjóna lítillega hærri en styrkur anjóna og getur það stafað af því að mögulega verður lítilsháttar afgösun á sýnum frá því þeim er safnað þangað til alkalinity (basavirkni) er mæld. Alkalinity í árvatninu er haldið uppi af bíkarbonat jónum, HCO₃⁻ sem er sú anjón sem mest er af í vatninu. Lítilsháttar afgösun getur því valdið því að heildarstyrkur anjóna getur lækkað aðeins í vatnssýnum.

4.2 Styrkur aðalefna


Til aðalefna í vatni teljast SiO₂, Na, K, Ca, Mg, SO₄, Cl, F og uppleyst ólífraent kolefni (DIC). Meðaltal mælinga sem gerðar voru í útfalli Þingvallavatns, Silfru og Vellankötlu á eðlisfræðilegum þáttum og styrk aðalefna er sýndur í töflu 1 og niðurstöður einstakra mælinga frá 2019 til 2021 eru í töflu 2 og á mynd 3. Árið 2021 var að leiðni var stöðug frá 73–75 µS/cm og að meðaltali 74 µS/cm. Leiðni er óbein mæling á styrk hlaðinna efna (jóna) í lausn. Stöðugleiki á leiðni í vatninu bendir til að styrkur uppleystra aðalefna breytist lítið yfir, innan árstíða og á milli ára. Gildi pH voru 7,44–7,70 í útfallinu og 9,49 og 9,25 í Silfru og Vellankötlu. Súrefnismettun vatns í útfallinu var um 96% í þau tvö skipti sem súrefni var mælt á árinu, og styrkur súrefnis var frá 12,6 – 12,9 mg/l. Styrkur súrefnis 2020–2021 var lægri að sumri en vetri vegna þess að leysni súrefnis í vatni

minnkar með auknum vatnshita. Heildarmagn uppleystra efna (TDS) var frá 53–62 mg/l. Hlutfallslega er mest magn (mg/l) af uppleystu kolefni (DIC í töflum 1 og 2) og þá koma $\text{SiO}_2 > \text{Na} > \text{Cl} > \text{Ca} > \text{SO}_4 > \text{Mg} > \text{K}$. Ef miðað er við fjölda móla (mól/l) breytist röðin og þá er mest af $\text{DIC} > \text{Na} > \text{SiO}_2 > \text{Cl} > \text{Ca} > \text{Mg} > \text{SO}_4 > \text{K}$.

Styrkur uppleystra aðalefna breytist lítið eftir árstíðum. Efnin Na og Cl eru óhvarfgjörn efni sem taka lítið þátt í efnahvörfum í vatninu. Önnur efni, eins og SiO_2 , Ca og Mg, eru hvarfgjarnari og geta fallið út eða verið tekin upp af lífverum í vatninu. Kísill (SiO_2) er aðalefni og er mikilvægt næringarefni fyrir kísilþörunga. Styrkur kísils ætti því að breytast eftir því hvernig frumframleiðni kísilþörunga er háttað. Það væri því viðbúið að sjá lækkun á styrk kísils á sumrin en hækjun á veturna þegar frumframleiðni er takmörkuð af sólarljósi. Það er hins vegar ekki að sjá neina árstíðabundna breytingu á kísilstyrk í Þingvallavatni árin 2019–2021.

4.3 Styrkur næringarefna

Meðalstyrkur næringarefna er sýndur í töflu 1 og niðurstöður einstakra mælinga á styrk næringarefna er í töflu 2 og á mynd 4. Ljóstillífandi lífverur (frumframleiðendur) þarfnað sólarljóss og næringarefna til vaxtar (jafna 3). Næringarefni sem þurfa að vera til staðar í miklu magni, auk kolefnis (C), eru köfnunarefni (N) og fosfór (P) og þegar um kísilþörunga er að ræða, kísill (Si). Ef sólarljós, styrkur næringarefna og hiti er nægilegur er ljóstillífun samfelld, en ef eitt þeirra næringarefna sem nauðsynleg eru frumframleiðendum klárást úr umhverfinu, stöðvast ljóstillífunin og þörungarnir taka að rotna (jafna 3 gengur til vinstri). Við það skilast næringarefni aftur inn í vistkerfið og geta nýst öðrum frumframleiðendum. Þannig myndast hringrás næringarefna innan vistkerfa og aðeins hluti þeirra skolast út úr kerfinu með straumvötnum.



Ljós er grundvallar forsenda fyrir ljóstillífun og skortur á því hefur takmarkandi áhrif á hana. Þess vegna er ljóstillífun og upptaka næringarefna lítill á dimmasta tíma ársins. Þá er niðurbrot lífræns efnis hins vegar meira og því er styrkur uppleystra næringarefna í vatninu yfirleitt meiri að vetri en að sumri.

Styrkur uppleysts ólífræns köfnunarefnis (NO_3 , NO_2 , NH_4) var nálægt/undir greiningarmörkum aðferðarinnar í öllum sýnum sem safnað var árið 2021, nema hvað varðar NH_4 í júlí og NO_3 í desember og virðast þessi sýni með grunsamlega háan styrk miðað við heildarstyrk köfnunarefnis (N-total). Þessum sýnum var sleppt við útreikninga á meðalstyrk. Styrkur fosfats í sýnum frá 2021 var alltaf yfir greiningarmörkum, frá 0,15 til 0,38 $\mu\text{mol/l}$.

Mynd 4 sýnir styrk næringarefna 2019–2021. Þar má sjá að lítt munur er á heildarstyrk fosfórs (P-total) og ólifræns fosfats (PO_4). Munurinn á milli þessara tveggja mælibátta liggur í styrk lífrænna efnasambanda fosfórs. Það er því hlutfallslega lítt hluti fosfats á lífrænu formi í útfalli Þingvallavatns, að meðaltali 22% af heildarstyrk fosfórs árið 2021 (DOP; Tafla 1). Vöktun hefur leitt í ljós að almennt er mun meira af lífrænu köfnunarefni í útfalli Þingvallavatns en ólifrænu. Ef horft er framhjá grunsamlega háum mæligildum fyrir NH_4 í júlí 2021 og NO_3 í desember sama ár (feitletruð í töflu 2), er lífrænt köfnunarefni nærrí fjórfalt hærra en ólifrænt. Það er í samræmi við niðurstöður eldri mælinga í Þingvallavatni. Pennan mun á heildarstyrk fosfórs og köfnunarefnis og ólifrænna efnasambanda þeirra efna má sjá á tveimur neðstu gröfunum á mynd 4.

Hlutfallslega er mun meira af uppleystu fosfati (P) en köfnunarefni (N) í Þingvallavatni miðað við þörf ljóstíllífandi lífvera (jafna 3). Það er í takt við aðrar greiningar á styrk næringarefna í vatni sem rennur af ungu, auðleystu basalti á eldvirka beltinu á Íslandi (sjá t.d. samantekt í Sigríður Magnea Óskarsdóttir o.fl. 2011). Það bendir til þess að frumframleiðni í Þingvallavatni sé takmörkuð af styrk köfnunarefnis fremur en öðrum næringarefnum. Það endurspeglast einnig í því að styrkur köfnunarefnis er mjög lágur í útfalli Þingvallavatns, og oftast undir greiningarmörkum, þar sem hann hefur verið tekinn upp af frumframleiðandi lífverum á meðan dvalartíma vatnsins stóð. Það er hins vegar ekki raunin í því lindarvatni sem streymir inn í Þingvallavatn vegna þess að þar gætir ekki áhrifa af frumframleiðendum. Styrkur nítrats (NO_3) var að meðaltali um 3,3 og 2,9 $\mu\text{mol/l}$ í Silfru og Vellankötlu (Tafla 1) 2007–2021, sem er um 20 sinnum hærra en það sem mælist að meðaltali í útfallinu. Minna munar á styrk NO_2 og NH_4 í innrennslinu og útfallinu.

Heildarstyrkur lífræns kolefnis (total organic carbon; TOC í töflu 2) var mældur í sýnum en ekki styrkur POC og DOC eins á árunum 2007–2019. Styrkur TOC var hann oftast undir greiningarmörkum árið 2019 en árið 2020 fengust lægri greiningarmörk og hefur styrkur TOC alltaf mælst yfir greiningarmörkum eftir það. Styrkurinn var frá 0,15 til 2,0 mg/l í útfallinu og að meðaltali 0,828 mg/l. Styrkur TOC var mældur í lindunum árið 2021 og var lægri en í útfallinu; 0,72 og 0,45 mg/l í Silfru og Vellankötlu.

4.4 Styrkur snefilefna

Niðurstöður mælinga á styrk snefilefna í sýnum frá yfirstandandi rannsóknartímabili úr útfalli Þingvallavatns eru í töflu 2 og á myndum 5 og 6. Snefilefni eru efni sem eru í mjög litlu magni í vatninu og eru mörg hver nauðsynleg næringarefni fyrir lífverur í mjög litlu magni. Ólíklegt er þó að skortur á þeim fari að hamla framleiðni í Þingvallavatni miðað við það sem fram kemur í kafla

4.1 um næringarefni. Sum snefilefnir eru hins vegar eitruð lífverum t.d. kadmín (Cd), blý (Pb), kvikasilfur (Hg) og arsen (As) og mikilvægt er að fylgjast með styrk þeirra, því styrkur margra snefilefna getur aukist vegna mengunar af völdum manna. Langtímaþreytileiki í styrk snefilefna er sýndur á mynd 8. Þar sést að það hefur ekki orðið breyting á styrk þeirra vegna tilfærslu á framkvæmd efnavöktunar frá Jarðvísindastofnun yfir til Hafrannsóknastofnunar 2019 og styrkur snefilefna er innan þess breytileika sem mælst hefur frá því að vöktun hófst árið 2007. Fjallað er um mat á vatnsgæðum Þingvallavatns m.t.t. snefilefna í kafla 4.6.

4.5 Samanburður við eldri gögn

Á myndum 7 og 8 eru niðurstöður úr útfallinu og lindunum frá árunum 2019 til 2021 settar með eldri mælingum (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019) inn á gröf til að hægt sé að gera sér grein fyrir hvort einhverjar breytingar hafa orðið á efnastyrk með tíma, sérstaklega hvað varðar það þegar framkvæmd efnavöktunarinnar færðist frá Jarðvísindastofnun yfir til Hafrannsóknastofnunar. Það eru alltaf smávægilegar breytingar á efnastyrk en almennt skera gögn frá 2019–2021 sig ekki úr gagnasafninu, sérstaklega ekki hvað varðar aðalefni. Þó hefur orðið töluberð lækkun á kísil (SiO_2), sérstaklega árið 2020. Sambærilega lækkun má einnig sjá í Sogi við Þrastarlund (Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorlaksdóttir 2021). Ekki er ljóst af hverju þessi breyting stafar en ekki er að sjá sambærilega breytingu í Ölfusá, Þjórsá eða Norðurá, sem þó er með lágan kísilstyrk líkt og Þingvallavatn. Þannig að ekki er auðvelt að skýra þessa breytingu með breytingum á efnagreiningaraðferðum hjá ALS, og því líklegast að þetta sé raunveruleg lækkun á kísilstyrk í Þingvallavatni.

Myndir 7 og 8 sýna að styrkur næringarefna er svipaður og verið hefur frá því að mælingar hófust árið 2007, en þó eru mælingar á N-total og NH_4 lægri en oft áður, hugsanlega vegna þess að gæði mælinga á næringarefnum hefur aukist. Mælingar á NH_4 eru viðkvæmar og mengun á sér auðveldlega stað, bæði við söfnun og mælingu.

Mælingar á styrk snefilefna (mynd 8) sýna að þær eru oft breytilegri en mælingar á aðalefnum, og skýrist það af því hve lágor efnastyrkur þeirra efna er. Greiningartækni tekur sífelldum breytingum og tækin verða næmari með árunum. Snefilefnasýni eru einnig viðkvæmari fyrir mengun í sýnatöku. Því eru alltaf eitt og eitt efni/sýni sem sker sig úr gagnasafninu. Styrkur snefilefna er lágor í Þingvallavatni. Söfnun sýna fyrir snefilefnagreiningar og efnagreiningarnar sjálfar eru mjög krefjandi og lítið þarf út af að bregða til að mengun verði. Styrkur flestra snefilefna hafa tekið litlum breytingum í Þingvallavatni og lindunum yfir rannsóknartímabilið en þó eru alltaf eitt og eitt sýni sem sker sig úr hvað varðar styrk snefilefna.

Mynd 7 og 8 eru gagnlegar til að draga fram þær breytingar sem verða á efnasamsetningu vatnsins frá því að það rennur um lindir til Þingvallavatns og þar til það fellur úr vatninu, áfram niður vatnasviðið. Þar sést t.d. að pH í lindunum er mun hærra en í útfalli vatnsins en lindarvatn á Íslandi hefur almennt hátt pH gildi. Myndirnar sýna einnig að styrkur flestra aðalefna (Na, Ca, Cl, F og alkalinity (DIC)) eru svipuð í Silfru og í útfallinu en lægri í Vellankötlu. Styrkur SiO₂, Mg og SO₄ eru sambærileg í lindunum. Styrkur SiO₂ lækkar á dvalartíma vatnsins, vegna upptöku kísilþörunga, en styrkur Mg og SO₄ hækkar, vegna ákomu þeirra á vatnið. Mynd 7 sýnir að styrkur næringarefna í lindunum Silfru og Vellankötlu er sambærilegur og hærri en styrkur þeirra í útfalli Þingvallavatns, vegna upptöku ljóstillíffandi lífvera í vatninu á næringarefnum á dvalartíma vatnsins. Mynd 8 sýnir langtímaþreytingar snefilefna í Silfru, Vellankötlu og útfalli Þingvallavatns. Þar sést að styrkur Fe, Mn, Sr, Cu, Ti og Mo er hærri í útfallinu en í lindunum. Styrkur Al er hins vegar lægri í útfallinu en í lindunum, líklega vegna þess hve leysni álsteinda er mikið háð pH gildi vatnsins og lækkar með lækkandi pH. Styrkur V er lítillega lægri í útfallinu en í lindunum en mest áberandi er munurinn sem er á krómstyrk (Cr) í Silfru miðað við það sem mælist í Vellankötlu og útfalli Þingvallavatns. Það má rekja til þess að Cr styrkur í lindinni Silfru, aðaluppsprettu vatns í Þingvallavatni, er hár (47,3 nmól/l; Tafla 1). Ýmislegt hefur verið rætt varðandi það en helst þykir líklegt að vatnið renni um krómríkt berg og því til stuðnings hefur verið bent á að styrkur Cr í Hvítá í Borgarfirði er einnig hár (meðalstyrkur 23,6 nmól/l; Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2011). Vatnasvið Hvítár í Borgarfirði nær upp að Langjökli líkt og vatnasvið Þingvallavatns svo vatnið hefur hugsanlega runnið um sambærilegt berg á leið sinni niður vatnasviðið.

4.6 Vatnsgæði í Þingvallavatni

Niðurstöður mælinga á næringarefnum í útfalli Þingvallavatns árið 2021 bendir til þess að vatnið sé í umhverfisflokk I (næringarfátækt vatn) samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 (töflur 3–4). Fosförstyrkur í vatninu hefur oft verið á mörkum umhverfisflokk I og II en meðalstyrkur PO₄ og P-total árið 2021 er í flokki I. Styrkur köfnunarefnis í útfallinu hefur alltaf verið langt undir efri mörkum í umhverfisflokk I (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019; Eydís Salome Eiríksdóttir og Alice Benoit-Cattin 2020). Heildarstyrkur agnabundinna og uppleystra næringarefna (TN og TP) var mældur í einu sýni úr útfallinu, og fellur það í umhverfisflokk I m.t.t. þeirra mælinga. Sama má segja um heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC) í útfallinu, en hann mældist að meðaltali 0,828 mg/l og er í umhverfisflokk I miðað við TOC í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Mat á gæðum vatns í Þingvallavatni árið 2021, byggt á þungmálum, bendir til að vatnið sé í umhverfisflokk I miðað við efnin As, Cd, Cu, Ni, Pb og Zn. Styrkur Cr fellur í flokk II í reglugerð nr. 796/1999. Áður hefur verið bent á að styrkur Cr í Þingvallavatni er óvenju hár miðað við styrk

þess í öðru ferskvatni á Íslandi (17,6 nmól/l; Tafla 1; Eydís S. Eiríksdóttir o.fl. 2019), eins og greint er frá í kafla 4.5.

Sé Þingvallavatn flokkað miðað við það vatn sem rennur í það úr Silfru og Vellankötlu má sjá að það fellur í umhverfisflokk I m.v. öll snefilefnin nema Cr sem fellur í umhverfisflokk II, eins og í útfallinu. Vatn í Silfru og Vellankötlu fellur í umhverfisflokk I miðað við N-total og í flokk II miðað við fosfór (P-total og PO₄). Það skal þó tekið fram að ekki er venjan að flokka stöðuvötn eftir innrennsli þeirra heldur er þetta aðeins gert til að draga fram þann mun sem er á innrennsli og útrennsli Þingvallavatns.

Árið 2011 voru sett lög á Alþingi um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, og á grundvelli þeirra reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem og reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011. Meginmarkmið lagarammans er að vernda vatn og vatnavistkerfi og tryggja gæði vatns til lengri tíma. Samkvæmt lögunum hafa verið sett fram viðmið til að nota við ástandsflókkun m.t.t. lífríkis og eðlisefnafræði vatnanna (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2020). Niðurstöður þeirra mælinga sem kynntar eru í þessari skýrslu nýtast til að meta ástand Þingvallavatns m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðabátta; meðaltali mælinga á pH, rafleiðni (leiðni), alkalinity (basavirkni) og styrks uppleystu næringarefnanna NO₃, PO₄ og NH₄, á ársgrundvelli. Meðaltal mælinga í útfalli Þingvallavatns (tafla 1) var notað ásamt þeim viðmiðunum sem birtar hafa verið til ástandsflókkunar straum- og stöðuvatna (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2020) og benda niðurstöðurnar til að Þingvallavatn sé í mjög góðu ástandi (náttúrulegu ástandi) m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðabátta (tafla 5).

5 Lokaorð

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður mælinga og efnagreiningar á sýnum úr Þingvallavatni frá árinu 2019–2021. Sýnum var safnað mánaðarlega frá mars til desember 2019 en fjórum sinnum yfir árið 2020; um vor, sumar, haust og veturn, á sama tíma og úr Þjórsá, Ölfusá og Sogi. Niðurstöður úr útfallinu eru bornar saman við niðurstöður úr lindunum Silfru og Vellankötlu og við eldri niðurstöður á myndum, töflum og í texta. Styrkur einstakra efna breyttist ekki við tilfærslu á framkvæmd efnavöktunar í Þingvallavatni frá Jarðvísindastofnun til Hafrannsóknastofnunar þar sem lögð var áhersla á að nota sömu söfnunarstaði, söfnunar- og mæliaðferðir og gert var á Jarðvísindastofnun. Niðurstöður mælinga á næringarefnum og snefilefnum voru notaðar til að meta vatnsgæði í Þingvallavatni skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns og eins til að meta ástand vatnsins m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðabátta, skv. viðmiðum sem lögð hafa verið fram vegna vinnu við stjórn vatnamála. Ástand Þingvallavatns er

mjög gott miðað við eðlisefnafræðilega gæðaþætti og viðmið sett fram í tengslum við stjórn vatnamála. Athugun á vatnsgæðum Þingvallavatns 2020 skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns, bendir til þess að vatnið falli í umhverfisflokk I, nema styrkur króms (Cr) sem lendir í umhverfisflokk II. Ástæðan fyrir því er ekki talin vera vegna álags af mannavöldum heldur frá náttúrunnar hendi.

Mikilvægt er að fylgjast áfram vel með ástandi lífríkis og efnastyrk í Þingvallavatni því það er viðkvæmt fyrir mengun af mannavöldum. Regluleg vöktun er því nauðsynleg til langs tíma þar sem sveiflur í lífríkinu hafa áhrif á efnastyrk í vatninu, bæði árstíðabundnar og til langs tíma. Eins er mikilvægt að halda áfram að vakta efnasamsetningu vatns sem streymir um lindirnar Silfru og Vellankötlu þar sem það vatn verður ekki fyrir breytingum í lífríki vatnsins en gæti orðið fyrir áhrifum af breytingum á eiginleikum ákomu sem fellur á vatnasviðið.

Þakkir

Bestu þakkir fær Svava Björk Þorlaksdóttir fyrir frábæra samveru og samvinnu í við vöktun Þingvallavatns. Einnig fá Finnur Ingimarssonar og Haraldur Rafn Ingasonar á Náttúrufræðistofu Kópavogs þakkir fyrir samstarfið, en þeir hafa að vöktun á Þingvallavatni um árabil. Sigurður Reynir Gíslason á Jarðvísindastofnun Háskólans fær bestu þakkir fyrir samstarf um vöktun á efnasamsetningu Þingvallavatns síðan 2007, traust og vináttu í gegnum tíðina. Samstarfsaðilar um vöktun Þingvallavatns (Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur), Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld og Tryggi Pórðarson hjá Umhverfisstofnun fá þakkir fyrir áframhaldandi stuðning við verkefnið.

Heimildir

- Árni Snorrason. (2002). *Vatnafar á vatnasviði Þingvallavatns* í: Þingvallavatn. Undraheimur í móton (ritstj. Pétur M. Jónasson & Páll Hersteinsson). (ritstj. Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson), Mál og menning, bls. 110–119.
- Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Sigfús J. Johnsen. (1992). Stable isotope study of the Thingvallavatn area. Groundwater origin, age and evaporation models. *Oikos*, 64. 136–150.
- Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorlaksdóttir. (2022). *Efnavöktun straumvatna á Suðurlandi. Niðurstöður ársins 2021*. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2021-20. 44 bls.
- Eydís Salome Eiríksdóttir og Svava Björk Þorlaksdóttir. (2021). *Efnavöktun straumvatna á Suðurlandi. Niðurstöður ársins 2020*. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2021-33. 54 bls.
- Eydís Salome Eiríksdóttir. (2021). Vöktun á eðlisefnafræðilegum gæðapáttum í Þingvallavatni 2020. Kver Hafrannsóknastofnunar, KV 2021-3. 18 bls.
- Eydís Salome Eiríksdóttir. (2020). *Efnavöktun í útfalli Þingvallavatns 2019*. kver Hafrannsóknastofnunar. KV 2020-04, 16 bls.
- Eydís Salome Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason. (2020). *Efnabúskapur Þingvallavatns*. Náttúrufræðingurinn 90 (1). Bls 65 – 79.
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Alice Benoit-Cattin. (2020). Efnasamsetning Þingvallavatns 2019. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2020-27. 22 bls.
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Deirdre Clark, Carl-Magnus Mört og Sigurður Reynir Gíslason. (2019). *Efnasamsetning Þingvallavatns 2007–2018*. RH-02-2019, 42 bls.
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Jórunn Harðardóttir, Svava Björk Þorlaksdóttir, Kristjana G. Eyþórsdóttir. (2011). *Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Vesturlandi V*. Gagnagrunnur Jarðvísindastofnunar og Veðurstofunnar. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, RH-06-2011, 46 bls.
- Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnason. (2002). *Grunnvatnið til Þingvallavatns*. Í: Þingvallavatn, undraheimur í móton (ritstj. Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson), Mál og menning. Bls. 120 – 135.
- Hákon Aðalsteinsson, Pétur M. Jónasson og Sigurjón Rist. (1992). Physical characteristics of Thingvallavatn, Iceland. *Oikos* 64. Bls. 121–135.
- Jón Ólafsson. (1992). Chemical characteristics and trace elements of Thingvallavatn. *Oikos* 64. 151– 161.
- Sigríður Magnea Óskarsdóttir, Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Stefánía Guðrún Halldorsdóttir, Guðrún Gísladóttir. (2011). Spatial distribution of dissolved constituents in Icelandic river waters. *Journal of Hydrology* 397, 175–190.
- Stumm, W. og J. Morgan. (1996). *Aquatic Chemistry. Chemical Equilibria and Rates in Natural Waters*, 3rd ed. John Wiley & sons, New York, 1022 bls.

Viðauki



A



B



C

Mynd 2. Sýnatökustaður í útfalli Þingvallavatns. Sýnum var safnað í útfalli Þingvallavatns, á stíflunni, þeim megin sem botnlokan var opin (A og C). Mælingar á leiðni, pH og súrefni voru gerðar af bakka við inntak Steingreimsstöðvar, þar sem hreyfing var á vatninu (C).

Tafla 1. Meðalefnasamsetning í útfalli Þingvallavatns (2007–2021 og fyrir árið 2021) og í lindunum Silfru og Vellankötlu 2007-2021. Gögn eldri en 2019 hafa verið birt í árlegum skýrslum Jarðvísindastofnunar (t.d. Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2019).

Vatnsfall	Vatnshiti	Lofthiti	pH	Leiðni	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Alkalinity	DIC	S-total	SO ₄	$\delta^{34}\text{S}$	$\delta^{33}\text{S}$	Cl	F	TDS	TDS
	°C	°C		μS/sm	μmól/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	meq/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	%	%	μmól/l	μmól/l	mg/l	mg/l
											ICP-OES	I.C.					I.C.	reikn.	
Pingvallavatn útfall 2007-2021	5,9	6,8	7,61	70,2	180	381	15,7	103	58,1	0,479	486	25,2	23,8	8,84	4,74	172	3,67	63	
Pingvallavatn útfall 2021	4,9	8,3	7,58	73,8	159	397	15,3	102	55,6	0,472	471		21,9			176	4,19	59	
Silfra 2007-2021	3,7	6,8	9,34	69,4	249	378	11,8	98,0	41,3	0,461	429	15,8	15,4	11,3	6,36	157	3,40	61	
Vellankatla 2007-2021	2,8	6,4	9,25	52,3	247	273	10,7	70,3	36,9	0,335	304	13,6	12,0	11,3	6,29	123	2,64	49	
Heimsmeðaltal					0,173	0,224	0,033	0,334	0,138		0,853	0,09	0,09				5,26	100	100
WHO Guidelines																	79		
<hr/>																			
Vatnsfall	DOC	POC	PON	C/N	TOC	P _{total}	PO ₄ -P	P _{tot} -DIP	DOP	TDN				DIN	DON	DIN/DON	DOC/(DOC+POC)		
	μg/kg	μg/kg	μg/kg	mól	mg/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	N _{total}	NO ₃ -N	NO ₂ -N	NH ₄ -N	μmól/l	μmól/l	μmól/l	%		
Pingvallavatn útfall 2007-2021	483	439	38,4	12,8		0,315	0,252	0,062	5,06	<2,82	<0,217	<0,044	<0,519	0,78	2,04	0,382	52		
Pingvallavatn útfall 2021					0,828	0,317	0,248	0,070	4,56	<1,81	<0,140	<0,034	<0,210	0,81	1,00	0,817			
Silfra 2007-2021	396					0,766	0,684	0,082	9,37	<4,42	3,43	<0,053	<0,403	3,89	0,76	5,10			
Vellankatla 2007-2021	<444					0,888	0,776	0,112	7,92	<4,43	3,31	<0,067	<0,633	4,01	0,47	8,45			
Heimsmeðaltal						0,323			0,67		7,14	0,065	1,14	8,57	18,6	0,46	60		
Umhverfismörk II						1,3	0,8			54				806	65,2				
WHO Guidelines																			
<hr/>																			
Vatnsfall	Al	Fe	B	Mn	Sr	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Ni	Pb	Zn	Hg	Mo	Ti	V	
	μmól/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	μmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	μmól/l		
Pingvallavatn útfall 2007-2021	0,282	0,084	<0,710	0,010	0,06172	1,47	0,893	<0,021	<0,117	16,8	<2,36	1,66	<0,085	<15,2	<0,012	1,56	<2,58	0,351	
Pingvallavatn útfall 2021	0,234	0,094	0,700	0,008	0,0637	2,12	0,860	<0,021	<0,150	17,6	<2,45	1,91	<0,050	<6,6	<0,029	1,53	2,48	0,353	
Silfra 2007-2021	1,37	<0,011	0,583	<0,001	0,0353	<1,26	0,917	<0,018	<0,083	47,3	<1,85	<1,58	<0,075	<7,68	<0,010	1,15	<0,905	0,479	
Vellankatla 2007-2021	1,22	<0,007	<0,308	<0,001	0,0402	<0,917	0,520	<0,031	0,117	19,3	<1,76	<1,55	<0,076	<3,73	<0,011	0,950	<0,709	0,428	
Heimsmeðaltal	0,716		1,85																
Umhverfismörk II						67		0,9		96	47	256	4,8	306					
WHO Guidelines	222	7,28		133	9470	26,7			962	31.500	1190	48,3	45.900	29,9	730				


Útfall 2007-2020 n=65; Silfra og Vellankatla n=16

Umhverfismörk II fyrir málma, næringarefni og lífrænt kolefni í yfirborðsvatni til verndar lífríki (flokkur B – Lítið snortið vatn, www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/796-1999)


Upplýsingar um styrk DOC, POC og PON eru aðeins aðgengilegar til ársins 2018

Tafla 2. Efnasamsetning vatnssýna úr útfalli Þingvallavatns og lindunum Silfru og Vellankötlu 2019–2021: Styrkur uppleystra aðalefna næringarefna og snefilefna auch heildarstyrks lífræns kolefnis (TOC).


Sýnanúmer	Vatnsfall	Dags	Vatns-										Hleðslu-		Hleðslu-		TN		TP												
			kl	Loft-hiti	hiti	pH	Leiðni	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Alkalinity	DIC	SO ₄	Cl	F	jafnvægi	jafnvægi	TDS _{reikn.}	TOC	O ₂	O ₂	sýni	sýni						
				°C			μS/cm	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	meq/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	mg/l	mg/l	%	mg/l	μmol/l	μmol/l							
20190408-11:40	Útfall	8.4.2019 11:40	1,6	7,29	71,8	169	392	15,2	102	55	0,475	475	25,5	167	3,46	25	1,80	62	<0,10	104,4	13,6										
20190514-11:30	Útfall	14.5.2019 11:30	4,3	7,59	71,7	162	388	15,8	103	56	0,468	468	25,7	166	3,48	33	2,30	61	0,38	109,6	12,5										
20190611-12:15	Útfall	11.6.2019 12:15	9,5	7,97	73,0	170	387	15,9	105	58	0,480	479	26,3	168	3,50	23	1,60	63	0,29	108,5	12,3										
20190715-12:30	Útfall	15.7.2019 12:30	10,0	7,86	72,3	166	399	15,7	102	55	0,472	472	21,7	165	3,58	43	3,10	61	0,21	105,0	11,3										
20190813-12:20	Útfall	13.8.2019 12:20	12,1	7,87	71,7	169	387	15,7	103	56	0,468	468	23,6	168	3,51	34	2,40	61	0,23	99,4	11,59										
20190916-12:15	Útfall	16.9.2019 12:15	8,6	7,36	70,1	188	419	16,6	111	60	0,466	466	23,3	166	3,73	94	6,50	64	<0,50	100,9	11,92										
20191015-12:00	Útfall	15.10.2019 12:30	8,1	7,58	68,4	165	396	15,9	105	56	0,463	462	22,9	165	3,76	56	4,00	61	<0,50	97,4	12,53										
20191118-12:15	Útfall	18.11.2019 12:15	4,7	7,93	73,5	171	421	17,1	111	60	0,460	459	22,8	165	3,57	105	7,20	62	<0,50	96,6	13,19										
20191216-11:30	Útfall	16.12.2019 11:30	2,5	7,36	70,6	173	405	16,5	109	59	0,469	469	23,7	165	3,65	75	5,20	62	<0,50	96,3	13,8										
20200324-13:30	Útfall	24.3.2020 13:30	2	0,7	7,50	72,7	160	402	15,4	101	58	0,465	465	23,8	166	4,1	52	3,65	61	0,56	ekki mælt	2,93	0,419								
20200625-13:00	Útfall	25.6.2020 13:00	10	7,0	7,60	72,0	150	404	15,7	101	59	0,471	470	24,7	163	4,1	52	3,64	61	0,35	97,2	11,24									
20200917-13:15	Útfall	17.9.2020 13:15	10	9,0	7,62	70,9	156	385	16,4	101	55	0,538	538	23,4	160	4,1	40	2,39	64	0,14	101,1	13,8									
20201217-12:10	Útfall	17.12.2020 12:10	4	2,6	7,49	71,8	151	393	16,1	104	54	0,486	486	24,6	176	3,57	10	0,71	62	1,00	102,6	14,6									
20210317-12:24	Útfall	17.3.2021 12:24	8	0,9	7,70	73,0	149	394	15,6	103	54	0,468	467	25,4	177	3,8	25	1,70	53	0,66	102,6	14,6									
20210701-12:50	Útfall	1.7.2021 12:50	18	7,7	7,65	73,7	162	386	14,7	105	56	0,461	460	20,5	176	4,4	41	2,88	61	0,5											
20211006-13:00	Útfall	6.10.2021 13:00	7	7,5	7,54	75,1	164	401	15,3	100	56	0,478	478	21,0	175	4,3	28	1,96	62	0,15	99,8	12,0									
20211208-09:37	Útfall	8.12.2021 09:37	0	3,3	7,44	73,4	162	408	15,7	101	56	0,480	479	20,6	175	4,30	37	2,60	62	2,00											
20201006-13:50	Silfra	6.10.2020 13:50	7	3,5	9,45	70,5	240	398	12,4	98	40	0,471	447	16,7	151	3,93	26	1,95	63												
20210930-14:00	Silfra	30.9.2021 14:00	8	3,6	9,49	70,7	246	408	11,2	97	40	0,470	403	13,3	166	4,08	26	1,92	61	0,72	95,5	12,6									
20201006-14:50	Vellankatla	6.10.2020 14:50	7	2,9	9,37	54,6	237	282	12,1	71	36	0,358	338	13,0	116	3,06	60	0,62	51												
20210930-13:15	Vellankatla	30.9.2021 13:15	7	2,9	9,41	53,7	234	285	10,5	68	35	0,346	290	10,1	127	3,46	37	0,37	47	0,45	96,1	12,9									
uppleyst næringarefni																															
Sýnanúmer	Vatnsfall	Dags	kl	P-total ¹	PO ₄	NO ₃	NO ₂	NH ₄	N-total	N-total	P-total ²	Al	Fe	B	Mn	Sr	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Ni	Pb	Zn	Hg	Mo	Ti	V		
				μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	μmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	nmol/l	
20190408-11:40	Útfall	8.4.2019 11:40	0,387	<0,14	<0,03	<0,21	<1,40	0,129	0,192	0,024	0,793	0,003	0,063	1,775	0,867	<0,085	17,7	2,45	1,28	0,067	4,50	<0,010	2,75	<0,02	0,369						
20190514-11:30	Útfall	14.5.2019 11:30	0,299	<0,14	<0,03	<0,21	2,86	0,549	0,196	0,046	0,805	0,004	0,064	2,48	0,837	<0,085	18,0	1,81	1,07	0,058	<3,06	<0,010	1,61	0,19	0,371						
20190611-12:15	Útfall	11.6.2019 12:15	0,355	<0,14	<0,03	0,286	<1,40	0,387	0,234	0,029	0,845	0,006	0,066	2,12	0,852	<0,085	17,1	2,09	2,03	0,065	9,57	<0,010	1,45	0,51	0,359						
20190715-12:30	Útfall	15.7.2019 12:30	0,336	<0,14	<0,03	<0,21	7,14	0,323	0,255	0,042	0,832	0,009	0,063	1,72	0,852	<0,085	16,7	2,90	1,93	0,109	5,34	<0,010	1,50	0,25	0,375						
20190813-12:20	Útfall	13.8.2019 12:20	0,281	<0,14	<0,03	<0,21	3,57	0,258	0,329	0,069	0,770	0,006	0,064	1,74	1,049	<0,085	16,4	3,68	2,10	0,354	12,05	<0,010	1,42	1,99	0,369						
20190916-12:15	Útfall	16.9.2019 12:15	0,312	0,291	<0,14	<0,03	<0,21	3,00	0,323	0,254	0,115	0,708	0,0081	0,069	2,22	0,724	<0,251	11,8	2,28	2,85	0,210	5,02	<0,010	1,50	0,95	0,357					
20191015-12:00	Útfall	15.10.2019 12:30	0,310	0,226	<0,14	<0,03	<0,21	1,40	0,291	0,287	0,097	0,726	0,020	0,066	1,829	0,757	<0,098	16,3	2,55	1,44	0,078	6,53	<0,010	1,49	2,97	0,328					
20191118-12:15	Útfall	18.11.2019 12:15	0,423	0,291	<0,14	<0,03	<0,21	<1,4	0,231	0,128	0,719	0,005	0,069	1,442	0,695	<0,104	17,3	3,12	1,19	0,100	13,0	<0,010	1,72	7,85	0,349						
20191216-11:30	Útfall	16.12.2019 11:30	0,426	0,291	<0,14	<0,03	<0,21	1,40	0,387	0,146	0,031	0,722	0,002	0,068	1,069	0,679	<0,085	16,3	<0,002	2,11	<0,048	3,05	<0,010	1,50	<0,02	0,353					
20200324-13:30	Útfall	24.3.2020 13:30	0,345	0,32	<0,14	<0,04	<0,29	<1,4	0,29	0,142	0,026	0,58	0,002	0,066	1,935	0,608	<0,018	17,9	1,81	1,47	<0,05	<3,0	<0,010	1,40	1,52	0,371					
20200625-13:00	Útfall	25.6.2020 13:00	0,279	0,226	<0,14	<0,04	<0,21	2,50	0,290	0,211	0,087	0,629	0,007	0,067	1,415	0,577	<0,018	15,6	<1,57	1,36	0,052	<3,06	<0,010	1,33	2,08	0,355					
20200917-13:15	Útfall	17.9.2020 13:15	0,323	0,226	<0,14	<0,04	<0,21	3,26	0,355	0,236	0,072	0,708	0,013	0,063	1,588	0,772	<0,023	15,7	19,8	1,72	<0,048	3,52	<0,010	1,45	2,53	0,365					
20201217-12:10	Útfall	17.12.2020 12:10	0,394	0,323	0,214	<0,04	0,286	4,07	0,323	0,146	0,027	0,675	0,003	0,062	1,468	0,786	<0,018	15,6	2,69	3,61	<0,048	4,77	0,039	1,52	1,37	0,338					
20210317-12:24	Útfall	17.3.2021 12:24	0,397	0,387	<0,14	<0,04	<0,21	3,00	0,48	0,219	0,038	0,68	0,002	0,062	1,548	0,939	<0,018	0,122	16,8	3,43	2,45	<0,048	6,13	0,056	1,46	2,57	0,363				
20210701-12:50	Útfall	1.7.2021 12:50	0,271	0,197	<0,14	0,024	1,50	1,43	0,516	0,248	0,052	0,549	0,007																		




Mynd 3. Styrkur aðalefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021.




Mynd 4. Styrkur næringarefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021.




Mynd 5. Styrkur snefilefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021.



Mynd 6. Styrkur snefilefna í útfalli Þingvallavatns 2019-2021.



Mynd 7. Niðurstöður mælinga í útfalli Þingvallavatns og í lindunum Silfri og Vellankötlu: pH, leiðni, aðalefnir.



Mynd 8. Niðurstöður mælinga í útfalli Þingvallavatns og í lindunum Silfru og Vellankötlu: snefilefni.

Tafla 3. Efri umhverfismörk málma og næringarefna í hverjum umhverfisflokk til verndar lífríki í yfirborðsvatni samkvæmt reglugerð 796/1999. Styrkur umreiknaður í nmól/l og µmól/l til að nota til samanburðar við þau gögn sem birt eru í skýrslunni.

A. Efri umhverfismörk málma og næringarefna í yfirborðsvatni til verndar lífríki					
Málmar í yfirborðsvatni		A	B	C	D
Kopar	nmól/l	<7,6	47	142	708
Zink	nmól/l	<76	306	918	4589
Kadmíum	nmól/l	<0,1	0,9	2,7	13,3
Blý	nmól/l	<1,0	4,8	14,5	72
Króm	nmól/l	<5,8	96	288	1442
Nikkel	nmól/l	<12	256	767	3833
Arsenik	nmól/l	<5,3	67	200	1001
<i>Næringarefni í ám</i>					
P-total	µmól/l	<0,6	1,3	2,9	4,8
PO ₄ -P	µmól/l	<0,3	0,8	1,6	3,2
NH ₃	µmól/l	<0,6	1,5	5,9	14,7
N-total	µmól/l	<21	54	107	178

Tafla 4. Vatnsgæði í Þingvallavatni árið 2021 byggt á meðalefnastyrk þeirra efna sem miðað er við í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Sjá mörk flokka og litamerkingu í töflu 3.

Þingvallavatn, útfall		
P _{total}	µmól/l	0,317
PO ₄ -P	µmól/l	0,248
N _{total}	µmól/l	<1,81
TOC	mg/l	0,83
As	nmól/l	2,12
Cd	nmól/l	<0,021
Cr	nmól/l	17,6
Cu	nmól/l	<2,45
Ni	nmól/l	1,91
Pb	nmól/l	<0,050
Zn	nmól/l	<6,6

Tafla 5. Ástand vaktaðra straumvatna á Suðurlandi m.t.t. eðlisefnafræðilegra gæðaþáttu miðað við viðmið sem gefin eru upp í skýrslu fagstofnanna (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2020). Blár litur táknað mjög gott (náttúrulegt) ástand.

Vatnsfall	Þingvallavatn	
Vatnagerð	LL4	
Vatnshlotanr.	104-2232-R	
pH		7,58
Leiðni	µS/sm	73,8
Alkalinity	meq/l	0,472
PO ₄ -P	µmól/l	0,248
NO ₃ -N	µmól/l	<0,140
NH ₄ -N	µmól/l	<0,640

Tafla 6. Næmi efnagreiningaraðferða og hlutfallsleg skekkja mælinga.

Efni	Rannsóknar-stofa	Aðferð/Tæki	Einingar	Næmi	Skekka
Leiðni	Hafró	Leiðnimælir	µS/cm	± 1,0	
T°C	Hafró	Hitamælir	°C		± 0,1
pH	Hafró	pH mælir			± 0,05
Svifaur	Veðurstofan		mg/l	1,0	
SiO ₂	ALS	ICP-AES	µmól/l	1,07	
Na	ALS	ICP-AES	µmól/l	4,35	
K	ALS	ICP-AES	µmól/l	10,2	
Ca	ALS	ICP-AES	µmól/l	2,50	
Mg	ALS	ICP-AES	µmól/l	3,70	
Alkalinity	Hafró	Títrun	meq/l		3%
CO ₂	Hafró	Jónaskilja	µmól/l		3%
SO ₄	JHÍ	Jónaskilja	µmól/l	10,4	10%
S	ALS	ICP-AES	µmól/l	6,24	
Cl	JHÍ	Jónaskilja	µmól/l	28,2	5%
F	JHÍ	Jónaskilja	µmól/l	1,05	10%
N-NO ₂	ALS	Autoanalyser	µmól/l	0,036	
N-NO ₃	ALS	Autoanalyser	µmól/l	0,14	
N-NH ₄	ALS	Autoanalyser	µmól/l	0,29	
N-total	ALS	Autoanalyser	µmól/l	1,43	
P-PO ₄	ALS	Autoanalyser	µmól/l	0,03	
P-total	ALS	Autoanalyser	µmól/l	0,1	
P	ALS	ICP-AES	µmól/l	0,032	
Al	ALS	ICP-SFMS	µmól/l	0,007	
B	ALS	ICP-SFMS	µmól/l	0,05/0,93	
Fe	ALS	ICP-SFMS	µmól/l	0,007	
Sr	ALS	ICP-SFMS	µmól/l	0,023	
Ti	ALS	ICP-SFMS	µmól/l	0,001	
Mn	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,546	
As	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,667	
Cr	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,192	
Ba	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,073	
Co	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,085	
Ni	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,852	
Cu	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	1,57	
Zn	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	3,06	
Mo	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,521	
Cd	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,018	
Hg	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,010	
Pb	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,048	
V	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,098	
Th	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,086	
U	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,002	
Sn	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,421	
Sb	ALS	ICP-SFMS	nmól/l	0,082	
TOC	ALS	Skalar Formacs TON/TN	mg/l	0,1	
DOC	Umeå	Carlo Erba 1108	µmól/l	8,0	
DOC	NMÍ		µmól/l	9,0	
POC	NMÍ		µg µg/l ¹ µg/l ²	2,00 10,0 6,67	6,50%
PON	Umeå	Shimadzu TOC5000	µg	1,5	
PON	NMÍ		µg µg/l ¹ µg/l ²	0,40 2,00 1,33	11%
POP	NMÍ		µg µg/l ¹ µg/l ²	0,40 2,00 1,33	

¹Næmi ef vatnssýni er 200 ml, ²Næmi ef vatnssýni er 300 ml.

Greiningar hjá ALS eru LOQ. Allar greiningar eru gerðar undir staðlaðri EPA aðferð, nr. 200.7 fyrir ICP-AES og nr. 200.8 fyrir ICP-SFMS.

Hg greiningar með AFS eru gerðar skv. SS-EN ISO 17852:2008.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna